



# Liðamót Ármanns í Poomsae

---

## Inngangur

Sunnudaginn 9. október 2011 fer fram liðamót Ármanns í poomsae. Markmið mótsins er að efla áhuga á poomsae, gefa þeim sem hafa áhuga á tækni tækifæri til að spreyta sig og efla liðsheild. Mótið verður haldið í bardagasalnum Skelli í Íþróttahúsi Ármanns. Mótsgjald er 1000 kr á mann. Skráningarfrestur rennur út á miðnætti **2. október 2011**, sjá nánar í kaflanum um fyrirkomulag. Greiðsla mótsgjalda fer fram á staðnum og verður hægt að borga með korti. Mótshaldarar áskilja sér rétt til að meina keppendum þáttöku, hafi þeir ekki greitt mótsgjöld.

Mótið hefst kl **11:00** með keppni í barnaflokkum en skulu keppendur vera mættir hálf tíma áður en keppni hefst.

## Fyrirkomulag

Kept er í liðum. Í hverju liði skulu vera 3 keppendur í sama aldurs- og beltaflokki. Kynjasamsetning liðsins skiptir ekki máli. Kept verður í eftirfarandi flokkum:

- Börn (6-12 ára), lægri belt
- Börn (6-12 ára), hærri belt
- Fullorðnir (13 ára +), lægri belt
- Fullorðnir (17 ára +), hærri belt
- Svartbeltisflokkur (ef þáttaka er næg)

Lægri belt: 10.-5. kup    Hærri belt: 4. kup+    Svört belt: 1. dan+

## Barnaflokkar og flokkar lægri belta

Í öllum **barnaflokkum** og flokkum **lægri belta** mega keppendur velja sér form frá *Taekug Il jang* til og með *Taekug Yuk jang*. Hvert lið verður að velja sér **fjögur** form og fylgja eftirfarandi reglum

- Hver einstaklingur velur sér form til að gera einn fyrir framan dómara
- Tveir liðsmenn hvers liðs mega ekki framkvæma sama formið
- Liðið velur sér eitt form til að framkvæma saman fyrir framan dómara, ekki sama og var valið í einstaklings
- Liðið fær stig fyrir frammistöðu allra í liðinu í heild



## Flokkar hærri belta

Í öllum fullorðinsflokkum **hærri belta** verða dregin form. Dregin verða 4 form:

- Í flokki 4. kup – 1. kup verður dregið frá Taekug Sah yang til Poomase Koryo
- Í svartbeltisflokki (1.dan +) verður dregið frá Taekug Yuk jang til Poomsae Taebek – Einungis ef þáttaka er næg.


## **Form verða dregin mánudaginn 3. október og tilkynnt á vef TKÍ samdægurs**

Í þessum flokkum gilda eftirfarandi reglur:

- Hver einstaklingur framkvæmir eitt af dregnum formum
- Tveir liðsmenn hvers liðs mega ekki framkvæma sama formið
- Liðið velur eitt af dregnu formunum, sem ekki voru framkvæmd einstaklings, til að framkvæma sem hópur
- Liðið fær stig fyrir frammistöðu allra í liðinu í heild

Byrjað verður á keppni í barnaflokkum og endað á keppni í svartbeltisflokkum. Þegar keppni í hverjum flokki byrjar skulu liðin vera tilbúin við keppnisgólfið og sitja í röð. Lægsta beltið byrjar og hæsta beltið gerir síðast. Liðin sýna fyrst einstaklings form áður en þau sýna í hóp. Verðlauna afhending fer fram eftir keppni hjá öllum hópum. **Skráningu skal senda á [tawkondo@armeningar.is](mailto:tawkondo@armeningar.is) fyrir miðnætti 2. október.** Við skráningu þarf að koma fram:

- Nafn liðs
- Í hvaða flokk liðið keppir
- Nöfn keppenda
- Gráða.





**Mynd 1.** Uppsetning fyrir a) einstaklings form og b) hóp form

## Reglur

- Þrír einstaklingar í hverju liði sem tilheyra sama aldurs og beltaflokk
- Hvert lið þarf að sýna fjögur ólík form
- Sé keppandi ekki búin að greiða mótsgjöld áskilja mótshaldarar sér rétt til að meina honum þáttöku.
- Hvert félag sem tekur þátt er beðið um að senda einn starfsmann/dómara

## Annað

Mótshaldarar áskilja sér rétt til að víkja frá fyrirkomulagi mótsins ef þess þarf. Einnig áskilja mótshaldara sér rétt til að breyta flokkaskiptingu.

Mótsstjóri er Írunn Ketilsdóttir, Ármann

Fyrirspurnum er svarað í gegnum [taekwondo@armenningar.is](mailto:taekwondo@armenningar.is)